



Til: bgr@os.is

Efni:

Upplýsingar:

Beiðni um umsögn um umsókn Iceland Resources ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á málmu Hörgárdal, Öxnadal og nágrenni á Tröllaskaga

Sent: 07/06/2016 14:52:43 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016050011, Bréfalyklar: 42-8 um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

---

Tilvísun í mál: 2016050011

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Iceland Resources ehf. um leyfi til leitar að málum í Hörgárdal og Öxnadal og nágrenni Tröllaskaga.

Náttúrufræðistofnun hefur áður afgreitt svipað erindi frá sama fyrirtæki í bréfi til Orkustofnunar dags. 11. febrúar sl. Niðurstaða bréfsins var eftirfarandi.

### „Niðurstaða:

#### *Yfirborðsrannsóknir*

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áætlaðar yfirborðsrannsóknir (kortlagning, sýnataka, efnagreiningar) en telur engu að síður að þær þurfi að gera með fullu samþykki réttra stjórnvalda þegar um er að ræða friðlýst svæði.

#### *Boranir*

Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að heimila boranir án undangenginnar skoðunar á því hvar eigi að bora og að boranir verði ekki heimilaðar á friðlýstum svæðum eða svæðum sem til stendur að friðlýsa samkvæmt t.d. náttúruverndaráætlun eða ef um er að ræða svæði á náttúruvinjaskrá eða svæði sem á að friðlýsa í tengslum við rammaáætlun. Stofnunin telur að í öllum tilfellum eigi að sækja sérstaklega um leyfi til borana, enda skiptir staðsetning slíkra borana miklu máli, þó svo að í einhverjum tilfellum verði hægt að heimila boranir á tilteknum svæðum að undangenginni sérstakri úttekt."

Framangreind niðurstaða á einnig við um það mál sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllt.

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

